



Flórgoðinn

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Comeniusarferð til Póllands
- Jólakort frá Póllandi og Tyklandi
- Gætilega á bílastæði
- Fundur vegna samræmdra prófa
- Breytingar í Ásnum

Gleðilegt ár

Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn

Gleðilegt ár og takk fyrir góð samskipti á liðnum árum.

Fyrsti Flórgoði á árinu 2006 ber yfir sér alþjóðlegan blæ. Það skýrist af þeim miklu og góðu samskiptum sem Áslandsskóli á við skóla víðs vegar í veröldinni. Aðallega fara þessi samskipti fram í gegnum Comeniusar verkefnið okkar, Culture Capsule, sem Jenný Berglind Rúnarsdóttir hefur stýrt með þvítíkum glæsibrag að eftir er tekið.

Þá höfum við haft hjá okkur aðstoðarkennara í tungumálum, Beatu Rödlingovu, og verður að segjast að hún hefur staðið sig einstaklega vel og náð skemmtileg til nemenda skólans. Þá hefur hún fallið vel inn í starfsmannahópinn og tekið virkan þátt í Culture Capsule verkefninu.

Á nýju ári þurfum við að hafa skólaheiti Áslandsskóla í heiðri, að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Sem og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Við þurfum að styrkja Áslandsskóla og efla á öllum sviðum. Vinna vel með allar dygðir, sýna hnattrænan skilning, þjónusta samfélagið með einum og öðrum hætti og síðast en ekki síst að gera alla hluti framúrskarandi vel.

Við þurfum líka að efla þá þætti sem gera Áslandsskóla sérstakan. Fylgjast með því að öllum líði vel svo þeir fái góð tækifæri til náms, sýna ábyrgð og sjálfsaga og virða eiginleika annarra. Temja okkur góða umgengni og rétta náunganum hjálparhönd þegar á þarf að halda.

Allir þurfa að sýna háttvísi og stundvísi ásamt því að virða mikilvægi þess að allir fái frið til vinnu.

Með skólakveðju
Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri Áslandsskóla



Í ÁSLANDSSKOLA KLÆÐUMST VIÐ SKÓLAFATNAÐI

Dzień dobry-Good afternoon-Góðan dag COMENIUS - tengir saman skóla í Evrópu

Comenius er yfirheiti á samstarfsverkefnum skóla í Evrópu. Áslandsskóli vinnur með, tveimur skólum í Evrópu. Þeir eru: Szkoła Podstawowa í Póllandi og FMV Olsik Ilkogretim Okulu í Tyrklandi.

Comenius miðar að því að koma á gæðastarfi í skólum og tryggja Evrópuvitund í menntun. Styrkt eru fjölpjöldleg samstarfsverkefni við skóla víðs vegar í Evrópu. Einnig er lögð áhersla á að auka möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar kennara og efla tungumálanám á öllum skólastigum.

Stýrisskólinn í þessu samstarfi er skólinn í Póllandi. Verkefnið okkar heitir *Culture Capsule* og erum við á fyrsta ári í verkefninu. Fyrsta önn verkefnisins haustið 2005 fór í að kynna skólann okkar og má finna þá kynningu á heimasíðunni okkar undir Skólaþróun. Á yfirstandandi önn förum við í að vinna dagatal með helstu hátíðis- og merkisdögum okkar til upplýsinga fyrir samstarfsskólana, verkefni um frítíma nemenda og að lokum verkefnið: My weird Cookbook.

Hluti verkefnisins er að heimsækja samstarfsskólana. Í nóvember fór undirrituð ásamt Jenný enskukennara á samstarfsfund skólanna þriggja í Póllandi. Þar var unnið að skipulagi verkefna næsta skólaárs og útfærslu þeirra ásamt skipulagi næstu samstarfsfunda.

Í Póllandi fengum við höfðinglegar móttökur og var stjánað við okkur í alla staði. Við förum í samstarfsskólann á hverjum degi þar sem undirbúningur verkefnisins var í fullum gangi og fengum við einnig kynningu á skólanum. Pólverjarnir voru búnir að undirbúa Comeniusardag, þar sem helstu ráðamenn héraðsins mættu og fylgdust með vinnu nemenda og kennara. Þar var m.a. leikritið um Mjallhvíti og dvergana sjö flutt á ensku og pólsku og voru eldri bekkir skólans einnig búnir að gera kynningu á Tyrklandi og Íslandi. Var gaman að sjá íslenska fánann á lofti, sem nemendur höfðu sjálfir unnið ásamt algengum orðum sem búið var að setja á blað og þýða á pólsku. Gaman er að geta þess okkur öllum til upplýsinga að einungis 2 kennarar skólans í Póllandi tala ensku þannig að við lögðum okkur mikið fram um að grípa eitt og eitt orð í pólskunni, enda áhugavert tungumál.

Tíminn í Póllandi var líka notaður í að skoða sig um og var keyrt með okkur um sveitir þevrar og endilangar til að kynna fyrir okkur fegurð og menningu landsins. Er óhætt að segja að þessi heimsókn hafi komið á óvart og landið einkar spennandi að skoða. Frábær skíðasvæði eru í suðurhluta landsins og má geta þess að skólastjórinn er einnig skíðastökksþjálfari (fer greinilega vel saman að vera skólastjóri og íþróttþjálfari).

Dzień dobry-Good afternoon-Góðan dag COMENIUS - tengir saman skóla í Evrópu - framhald -

Ekki er annað hægt en að minnast á heimsókn okkar í fanga- og útrýmingarbúðir nasista í Auschwitz. Þangað var haldið einn morgun heimsóknarinnar og var vægast sagt mjög átakanlegt að ganga um götur þær sem margir gyðingar og pólitískir fangar gengu sín síðustu skref í seinni heimsstyrjöldinni. Að ekki sé talað um að ganga inn í gasklefa þar sem margir drógu sinn síðasta andardrátt í góðri trú um að vera á leið í sturtu og sjá svo líkbrennsluofna í næsta herbergi. Það er ekkert verið að skafa utan af hlutunum enda var það ekki gert á þessum stað fyrir rúmum 60 árum og var þá ekki spurt hvort um börn eða fullorðna væri að ræða. Þó svo maður hafi lesið og lært um þessa atburði þá kemst það ekki í hálfkvist við að vera á staðnum og sjá eymdina, aðstæðurnar og atburðina sem saklaust fólk gekk í gegnum og lifði við. Það féllu tár þennan dag.

Í hnotskurn var þessi ferð frábær í alla staði og er það að þakka einstakri gestrisni gestgjafanna og hlýs viðmóts hvar sem við komum. Þó svo tungumálaörðugleikar hafi verið til staðar þá eignuðumst við þarna góða vini og minningar sem við geymum í huga okkar og hjörtum það sem eftir er.

Dziękuję-Thank you-Takk fyrir

Hulda Gunnarsdóttir
Árgangastjóri 3. og 4. bekk
Umsjónarkennari Hulduheima-3.HUG

Fundur vegna samræmdra prófa

Miðvikudaginn 11. janúar var haldinn fundur með forráðamönnum og nemendum í 10. bekkjum Áslandsskóla.

Tilgangurinn var umfjöllun um samræmd próf í vor, inntökuskilyrði í framhaldsskóla, metnað til að ná árangri og allt sem tengist próftökunni.

Skólastjóri, námsráðgjafi og umsjónarkennarar héldu utan um fundinn.

Mæting á fundinn var frábær og nú er mikilvægt að hugur fylgi máli. Nemendur þurfa að undirbúa sig vel og skipuleggja sig af kostgæfni.

Ekki stöðva á gangbraut og stæði

Að gefnu tilefni er rétt að áréttta geysilega þýðingarmikið öryggisatriði.

Forráðamenn eru beðnir um að stöðva ekki bíla sína við stæði skólabíls eða gangbraut. Slíkt er stórhættulegt.

Betra er að leggja einfaldlega í stæði og fylgja nemendum að skólum ef það er nauðsynlegt.

Einnig er einfaldlega hægt að beygja inn á næsta "stæðahluta" á bílastæði svo nemendur geti gengið yfir gangbraut að skólanum.



Breytingar á 7. bekkjastarfi í Ásnum

Frá og með áramótum mun 7. bekkur eiga kost á því að mæta til okkar í Ásinn alla fimmtudaga frá kl. 17-19.

Vonandi leggst þetta vel í fólk og fljótlega munum við stofna 7. bekkjarráð sem mun annast dagskrá þess daga.

Upplýsingar um félagsmiðstöðina má finna á heimasíðu Ássins www.asinn.is, einnig er ykkur velkomið að hringja í síma 5854611/6645763.

Jóla kort frá Póllandi og Tyrklandi

Nemendur Áslandsskóla hafa í vetur unnið fjölbreytta vinnu í tengslum við Comeniusarverkefnið. Verkefnið er þróunarverkefni sem lýtur að tungumálanámi. Þegar nemendur Ljósheima og Tunglheima mættu í skólann eftir jólafrí hafði þeim öllum borist jóla kort frá nemendum í Póllandi og á Tyrklandi. Okkar nemendur bjuggu hver til sitt áramótakort og skrifuðu stutt vinabréf á ensku. Kortin voru síðan send til Póllands og Tyrklands.

Nemendur voru mjög áhugasamir og var gaman að sjá hve mikinn metnað þeir lögðu í þessa vinnu. Verkefnið var lærdómsríkt fyrir 4. bekk og þjálfaði þau tungumálanáminu. Nemendur í 7. bekk unnu einnig svipað verkefni en þau bjuggu til dagtöl og sendu út.

Hægt er að skoða vinnu tengda Comeniusar-verkefninu á heimasíðu Áslandsskóla www.aslandsskoli.is undir skólaþróun.



BROSMILD OG ÁNÆGD
Ljósheimar með kortin sín

Vinátta – friendship - przyjan – druzba

Í ÁSLANDSSKOLA GEFUM VIÐ ÖÐRUM RÝMI TIL AÐ HENGJA AF SÉR



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandss@ismennt.is

www.aslandsskoli.is

Flórgoðinn

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri